

fram farið í því, þar sem að eins einn af eigendum Víðivalla ytri og hjáleigunnar Klúku mætti sem kærandi fyrir sáttanefndinni, án þess að hann hefði umboð meðeigenda sinna til að ráða málinu til lykta með sátt. Það verður því að dæma, landamerkjadóminn ómerkan og vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður. Fyrir yfirdóminum hafa hinir stefndu eigi mætt nje látið mæta.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vístast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 5. maímánaðar.

Nr. 8/1890.

Rjettvísinn

gegn

Jakobínu Sigríði Jakobsdóttur

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 7. jan. þ. á., var hin ákærða, Jakobína Sigríður Jakobsdóttir dæmd fyrir þjófnað til að sæta 3—þriggja—daga fangelsi við vatn og brauð og var hegningin ákveðin þannig með tilvitnun til 40. gr. hegningarlaganna. Hin ákærða var og dæmd til að borga allan kostnað málsins, en eftir ósk hennar hefur dóminum verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinnar ákærðu, sem er komin yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru nje refsingu fyrir neitt lagabrot, er það löglega sannað,

að hún hafi leyfislaust og af ásetningi tekið 10 króna seðil úr kommóðu húsbænda sinna, en í hana fór hún með lykli, sem lá á kommóðunni. Hin ákærða, sem rjett á eptir fór úr vistinni frá tjeðum húsbændum sínum, tjáist hafa gjört þetta af því, að hún hafi álitid sig eiga kaupgjald hjá húsbændunum, sem svaraði þessum 10 krónum. Af því að húsbændur hennar höfðu grun um þjófnaðinn, fóru þau í hirzlu hinnar ákærðu og fundu þar seðilinn; með því móti komst þjófnaðurinn upp og þýfið til skila.

Þó að hin ákærða, eptir skýrslu hlutaðeigandi sóknarprests, sje einföld og hugsunarlítill, og megi enda teljast með fíráðlingum, getur hún þó að áliti rjettarins eigi komizt hjá því, að sæta fullri lagarefsingu fyrir þetta brot sitt, sem verður að telja þjófnað eptir þeim skýrslum sem fram hafa komið í málinu, og þykir mega ákveða refsinguna fyrir brotið samkvæmt hegningarlögum 25. júní 1869, 230. gr., 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður hin ákærða og að greiða allan kostnað málsins bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið viðunanlegur og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða, Jakobína Sigríður Jakobsdóttir, á að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan kostnað máls þessa bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirrjettinum málsfærslumannanna

Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr.
til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að
lögum.

Mánudaginn 19. maímánaðar.

Nr. 9/1890

Rjettvísni

gegn

Bjarna Magnússyni.

D ó m u r :

Eftir vottorði hlutadeigandi stefnuvotta var aukarjettarstefnan til ákærða í máli þessu birt «á heimili hans», Hellu í Gardahreppi hinn 11. sept. f. á., fyrir húsmóður hans, «þar eð hinn stefndi var fyrir norðan». Ákærði mætti ekki fyrir aukarjettinum og þegar undirjettardómurinn var birtur fyrir honum 5. des. f. á. á Guðrúnarstöðum í Húnavatnssýslu, lýsti hann því yfir, um leið og hann óskaði dóminum áfrýjað, «að honum, sem á næstliðnu vori hefði flutt úr Hafnarfirði að Koti (í Húnavatnssýslu) hefði alls eigi verið birt nokkur stefna til að líða dóm í málinum». Af brjefi undirdómaraans, dags. 8. marzmán. þ. á., sem fram hefur verið lagt í yfirdóminum, virðist og mega sjá það, að ákærði hafi þegar í fyrra vor flutt alfarinn úr Hafnarfirði norður í Vatnsdal í Húnavatnssýslu. Aukarjettarstefnan í málinu hefur þannig eigi verið löglega birt fyrir ákærða og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins fyrir aukarjettinum og vísa málinu heim aptur til löglegri meðferðar.